

Mál nr. 395/2010

M

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar, slysatryggingar.

**Meiðsl við leikæfingu 03.03. 2010,
ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða skv. vátryggingarskilmálum.**

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 08.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.12. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á leikæfingu, hann lét þess getið í upphaflegri tjónstilkynningu að hann “átti að falla niður um gat á sviði en kom eitthvað vitlaust niður og fékk slink á bakið, fann ekki fyrir verk fyrr en daginn eftir” sbr. nánar gögn máls þessa. Í síðari frásögn breytti M nokkuð frásögn sinni um aðdraganda tjónsatburðar máls þessa þ.e. um að annar leikari hafi rekist utan í hann rétt áður en hann lét sig falla niður um gatið á sviðinu og við það hafi hann misst jafnvægið og fallið niður.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið um slys að ræða, ekki hafi verið um skyndilegan eða utanaðkomandi atburð að ræða, líkt og krafist er skv. skilmálum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megí tjónsatburð máls þessa til slyss samkvæmt vátryggingarskilmálum. Ekki verður séð að rekja megí meiðsl M til skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Gegn neitun félagsins er ekki unnt að leggja síðari tíma frásögn M til grundvallar miðað við takmörkuð gögn málsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.